

Ed. 593. Frumvarp til laga [321. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985—86.)

1. gr.

Tollur á vörum í eftirtöldum tollskránum í 1. gr. laganna, sbr. 10. gr. laga nr. 3 1986, lækki í 10%: 87.02.14, 87.02.15 og 87.02.16.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda frá og með 1. mars 1986.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 3/1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum, verðlags- og lánsfjármálum 1986, voru gerðar ýmsar ráðstafanir í ríkisfjármálum til þess að greiða fyrir gerð kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins. Liður í þeim aðgerðum var veruleg lækking á tollum á bifreiðum sem ætlað var m. a. að tryggja að fólksbifreiðar með 2000 cm³ slagrymi eða minna lækkuðu í verði um a. m. k. 30%. Var jafnframt að því stefnt með ráðstöfunum þessum að vísitala framfærslukostnaðar lækkaði um 1,5%. Voru tollar almennt lækkaðir í 30% og bifreiðagjald fellt niður af minnstu bifreiðum.

Ljóst er nú að breytingar þær sem gerðar voru á tollum og bifreiðagjaldi með nefndum aðgerðum hafa ekki skilað þeim verð- og vísitöluáhrifum sem að var stefnt. Til þess að svo megi verða benda endurskoðaðir útreikningar til að ekki dugi minna en að lækka toll á bifreiðum í 10% og breyta álagningu bifreiðagjaldsins með þeim hætti að það verði lagt á í 7 flokkum á bilinu 0—32%, sbr. fylgiskjal. Með slíkum ráðstöfunum ætti að vera tryggt að vísitala framfærslukostnaðar lækki um 1,5% og verð á minnstu bifreiðum um 30%.

Fylgiskjal.

Sérstakt gjald af bifreiðum.

	Eigin þyngd kg	Sprengirými sm ³	Gjald í %
I	0— 700	0—1 000	0
II	701— 800	1 001—1 300	5
III	801— 900	1 301—1 600	9
IV	901—1 100	1 601—2 000	13
V	1 101—1 300	2 001—2 300	20
VI	1 301—1 500	2 301—3 000	28
VII	>1 500	>3 000	32